

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Marbakkabraut 4.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. nóvember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að óbyggt svæði norðan leikskólans Marbakka breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir. Verslunar- og þjónustusvæði sunnan leikskólans breytist annars vegar í svæði fyrir þjónustustofnanir og hins vegar í óbyggt svæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. nóvember 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*